

72. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima  
12. 10. 2016 kl. 8:15

Fundarstjórn: Eyjólfur Guðmundsson  
Ritari: Eyrún Unnur Guðmundsdóttir  
Forfölluð: Bryndís Hólmarsdóttir, Katrín Halldórsdóttir,

Efni:

- Málefni Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands: Óvissa með áframhaldandi rekstur (ath. viðhengi með fundarboði) – Kristín

Kynnt var bréf sem senda á til ráðamanna þjóðarinnar og annarra stofnana þar sem óskað er eftir framtíðarfjármagni til þess að halda uppi starfsemi hjá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. Umræður um bréfið í kjölfarið. Nefndarmenn fundarins fagna þessu erindi og vonast eftir jákvæðum viðbrögðum.

- Málefni kaffistofunnar: Gert grein fyrir viðhorfskönnun um fyrirkomulag kaffistofu á neðri hæð í Nýheimum – Davíð

Farið var yfir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir starfsmenn og aðra notendur neðri hæðar Nýheima varðandi viðhorf til kaffistofu starfsmanna. Niðurstöðurnar sýna að mörg viðhorf eru í gangi og halda þarf áfram að vinna að lausn á jákvæðan hátt sem hentar öllum íbúum hússins. Fram komu hugmyndir um að fá innanhússarkitekt til þess að skoða húsið og athuga hvort hægt væri að hanna rýmin öðruvísi svo þau henti betur. Ákveðið að finna úrlausn fyrir áramót. Davíð tekur að sér að finna aðila.

- Starfsdagur stjórnar Nýheima – Davíð

Davíð falið að finna dagsetningar og leggja fyrir starfsfólk.

Önnur mál

- 3. nóv. Þekkingarsetrið heldur ráðstefnu fyrir ungmenni sem ber heitið: „Hvað á ég að gera hér?“

Eyrún Unnur Guðmunds. 

- Lotta frá Svíþjóð kemur til Hafnar 18. okt og mun dvelja út nóvember.
- Vinstri grænir munu ganga um húsið í dag og fá kynningu um starfsemina innanhúss.
- 13. okt. verða skuggakostningar í FAS.
- Háskólasetrið er í tengslum við Listaháskólann. Í framhaldinu verður vonandi hægt að tengja Vöruhúsið við Listaháskólann.
- Tillaga að efni næsta fundar að skoða ráðstefnu á önninni.

Fundi slitið 9:30

E. G.

FUG